




18. október 2016

Til Steinars Bergs Ísleifssonar.

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd hefur tekið erindi þitt til umfjöllunar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að senda það atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti til upplýsingar og þá til frekari athugunar. Varðandi þau álitamál sem rakin eru í erindi þínu og spurningu þína um hvort það falli undir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd að hafa efnislegt álit á því sem þar kemur fram er því til að svara að niðurstaða nefndarinnar var sú að það falli ekki undir málefnasvið hennar að fjalla um undirbúning lagasetningar eða efni tiltekinnar lagasetningar. Í því sambandi er bent á að það er dómstóla að skera úr um gildi laga gagnvart stjórnarskrá.

Hver sá sem telur stjórnvald hafa beitt sig rangindum getur borið fram kvörtun við umboðsmann Alþingis, sem skal m.a. tilkynna Alþingi og hlutaðeigandi ráðherra, eftir því sem við á, ef hann verður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum. Vill nefndin vekja athygli þína á þessum valkosti. Þótt nefndin geti ekki orðið við beiðni þinni um efnislegt álit á þeim atriðum sem rakin eru í erindi þínu af framangreindum ástæðum hefur hún tekið ákvörðun um að áframsenda það ráðuneytinu til upplýsingar sem áður segir.

Fyrir hönd stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar



---

Ögmundur Jónasson

STJÓRNSKIPUNAR- OG EFTIRLITSNEFND